



KVI3F05 - Kvikmynd VI - Lokaverkefni

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Þorgeir Guðmundsson

Netfang/netföng:

thorgeir.gudmundsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum vinna nemendur stuttmynd sem lokaverkefni frá þróun handrits til sýningar í kvikmyndahúsi. Veitt er þjálfun í þróun hugmynda ásamt nauðsynlegri tækni til að útfæra hugmyndir og fullvinna verk. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér þá sérhæfðu þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í kvikmyndagerð, leiklist og grafískri hönnun. Mikil áhersla er lögð á skapandi hugsun, gagnrýna sýn, sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og skipulag.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim tækjum og hugbúnaði sem nauðsynlegur er í kvikmyndagerð.
- hvernig mismunandi notkun hljóðs hefur áhrif á frásögnina.
- hvernig mismunandi klipping hefur áhrif á heildarútkomu.
- hvernig mismunandi gerð titla hefur áhrif á stíl og heild.
- hvernig litur og lýsing hefur áhrif á frásögn.

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja og vinna stuttmynd sem byggir á sérhæfði þekkingu í handritaskrifum og kvikmyndagerð.
- rökstyðja ákvarðanir á faglegum grunni.
- kynna og greina frá inntaki verksins á skipulagðan og greinagóðan hátt.
- afla sér nauðsynlgra viðbótaþekkingar.
- lesa og útskýra verk annara af víðsýni og þekkingu

Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér kvikmyndaformið sem miðil til persónulegrar tjáningar.
- setja saman heildarfrásögn með samsetningu ólíkra myndskaiða.
- nota ímyndunarafl, innsæi og tilfinningar við sköpun
- skila af sér heilsteyptum verkum og koma þeim á framfæri.



Námsmat:

Námsmat í áfanganum er í formi símats þar sem kennarinn metur árangur nemenda í verkefnum, kynningum og þáttöku í umræðum út frá markmiðum áfangans. Mat tekur mið af verkefnavinnu, jafningjamati, frammistöðumati, sjálfsmati og símati (ástundun, þátttaka og framfarir).

- 25% Forvinnsla
- 15% Tökur
- 30% Eftirvinnsla
- 30% Lokasýning – ástundun og virkni

Hlutfallstölur geta breyst með tilliti til aðstæðna og framvindu.

Námsgögn:

Lesefni, glósur og verkefni frá kennara. Allt námsefni verður aðgengilegt á Innu.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum samkvæmt leiðbeiningum kennara á námsvettvang strax og þeim er lokið.

Nauðsynlegt er að nemendur mæti með heyrnartól.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	PRE-PROD/FORVINNSLA 25% Handritavinna–Forvinnsla	
2	9.-13. janúar	Handritsvinna – lagfæringar - 1. Verkefni: Pitch	
3	16.-20. janúar	Forvinnsla, skipulag, undirbúningur	5%
4	23.-27. janúar	Sýn leikstjóra, Casting, Location scouting“	
5	30. jan-3. febrúar	Sýn leikstjóra, Casting / „Location scouting“	10%
6	6.-10. febrúar	Forvinnsla upptaka: „floorplön“, skotlisti - kynningar	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Forvinnsla upptaka: „floorplön“, skotlisti - kynningar	Vörðuvika I 10%
8	20.-23. febrúar	PROD /TÖKUR 15%. (kynningar áfr.)	Vorannahlé
9	28. febrúar-3. mars	Tökur (kynningar áfr.)	
10	6.-10. mars	Tökur	
11	13.-17. mars	Tökur	
12	20.-24. mars	POST-PROD/ EFTIRVINNSLA 30%.	Vörðuvika II
13	27.-31. mars	Gróf klipp	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Fín klipp, litvinnsla.	
16	17.-21. apríl	Fín klipp, litvinnsla.	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Rennsli	10%
18	1.-5. maí	Gerð DCP, test screening - Frumsýning í bíó 6. maí.	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Myndir lagaðar, vefútgáfur, frágangur	
20	15.-16. maí	Yfirferð, mat.	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.